

Aðlögunaráætlun

Kæru foreldrar **XXXXXXXXXX**, nú er komið að því að fyrsti dagur í aðlögun hjá **XXXXXXXXXX** er **mánudagurinn 3. október kl 9:00**.

Aðlögunarferlið er kallað **þátttökuaðlögun**. Hún byggist á því að ekki sé verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur sé það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Aðlögunin byggir á fullri þátttöku foreldris í starfi leikskólans þá daga sem hún á sér stað. Einnig felst þessi aðferð á því að foreldri og barn eru saman í aðlögun. Aðlögunin sjálf tekur þrjá daga og síðan á fjórða degi kveður foreldri mjög fljótlega.

Foreldrið er inn á deild með sínum barni allan tímann sem barnið er í leikskólanum. Foreldrið sinnir sínu barni, skiptir á því, gefur að borða og er til staðar fyrir það. Starfsfólkið tekur að sjálfsögðu líka þátt, skipuleggur, útskýrir starfið eftir bestu getu á meðan þau byggja upp tengsl við foreldra og barn. En á fjórða degi kemur barnið í leikskólann og kveður sem fyrst og er svo sinn vistunartíma. Aðlögun barns er þó einstaklingsbundin og einstaka börn þurfa lengri tíma til að aðlagast leikskólanum en reynslan sýnir að þau eru fá. Starfsfólk leikskóla veit að aðlögunartíminn er oft erfiður fyrir börn og foreldra enda barnið oftar en ekki að stíga sín fyrstu skref út fyrir heimilið. Hugmyndafræðin á bak við ferli þátttökuaðlögunar er að foreldrar og barn byggi upp traust og öryggi á leikskólanum, öllum aðstæðum þar og starfsfólkinu. Með þessu móti eru foreldrar fullir þátttakendur í leikskólagöngu barnsins síns og fá innsýn í leikskóladaginn.

Við hlökkum til að sjá ykkur og eiga góðar stundir í aðlögun.

Kveðja starfsfólk leikskóladeildar Bláskógaskóla Laugarvatni